**Til sambandsaðila ÍSÍ**

**Reykjavík, 16. mars 2023**

**Efni: Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

**Ágætu félagar!**

Samkvæmt 11. grein laga ÍSÍ, skulu tilkynningar um framboð til forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ berast til kjörnefndar Íþróttaþings eigi síðar en þremur vikum fyrir Íþróttaþing ÍSÍ, **þ.e. 14. apríl nk.** fyrir lokun skrifstofu ÍSÍ kl. 16:00.

Minnt er á að framboð telst einungis löglegt, ef eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband/íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við framboðið.

Á 76. Íþróttaþingi ÍSÍ verður kosið um sjö meðstjórnendur til fjögurra ára, sbr. grein 17.1.b í lögum ÍSÍ.

Hjálagt fylgir eyðublað um framboðsyfirlýsingu. Upplýsingar veita undirritaðir.

**Með kveðju,**
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Jón Ásgeir Eyjólfsson
formaður kjörnefndar

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri


ICELANDAIR
Íslensk Getspá